

8. Samanburður á innri og ytri greiningu

Markmiðið með samanburði á innri og ytri greiningu er að skoða hvort hugmyndir heimamanna og ferðamanna fari saman um þau helstu atriði sem ferðaþjónustuna varðar.

Í fáum orðum má segja að hugmyndir hagsmunaaðila og ferðamanna fara í megin atriðum saman.

Ímyndin - möguleikar:

Ímynd Vestfjarða í huga beggja er stórbrotin náttúra, útivera, kyrrð og fuglalíf. Náttúrufegurð og möguleikar tengdir henni eru styrkleiki ferðaþjónustunnar og það sem byggja ber á í framtíðinni. Heimamenn nefna skipulagðar skoðunarferðir á sjó og á landi, framtak sem skilur eitthvað eftir þegar ferðamaðurinn kveður.

Þótt ímyndinni beri saman í öllum meginatriðum má greina nokkurn áherslumun. Ferðamaðurinn tengir ímyndina einkum Ísafirði og Hornströndum, en ekki fjórðungnum í heild. Heimamenn sjá fleiri viðkomustaði sem er styrkur í sjálfu sér, en krefst frekari samvinnu í framtíðinni við kynningu og markaðssetningu.

Ferðamaðurinn - þjónustan:

Hugmyndum heimamanna um "ferðamann Vestfjarða" ber saman við þann sem kemur. Hann fer reyndar fram á minni þjónustu en reiknað var með og ferðast minna í áætlunarbílum. Afþreying er ekki vandamál í hans huga, þarfir hans eru uppfylltar með útiveru og náttúruskoðun.

Aðstaða til móttöku ferðamanna er mjög misjöfn, en ekki kemur fram áberandi óánægja ferðamanna með hana, þeir eru yfirleitt jákvæðir og kvarta ekki undan þjónustunni.

Færri ferðamenn eru að koma í fyrsta skipti til Vestfjarða en áður hefur verið ætlað og ferðalag á Vestfirði er fyrr og betur skipulagt en áður var talið.

Ferðamaðurinn dvelur að meðaltali 5 - 7 nætur á Vestfjörðum, sem er nóttu lengur en áður var talið. (Sigurborg Kr Hannesdóttir, 1989)

Eins og að framan er sagt þá fara hugmyndir ferðamanna og heimamanna saman í flestum atriðum, sem gefur gleggri mynd og áreiðanlegri af ferðaþjónustunni á Vestfjörðum.

9. Stefna næstu ára

Hér að framan hefur verið lagt mat á núverandi stöðu ferðaþjónustunnar á Vestfjörðum. Þetta mat byggist annars vegar á sjónarmiðum þeirra sem starfa í ferðaþjónustunni og hins vegar á viðhorfum ferðamannanna sjálfra. Að fengnum upplýsingum um núverandi stöðu, er unnt að horfa til framtíðar, þ.e. að móta stefnu til næstu ára.

Áður en stefnan er endanlega ákveðin er nauðsynlegt að endurskoða markmiðið, sem sett var í upphafi. Getur markmiðið talist raunhæft í ljósi fenginna upplýsinga eða er e.t.v. nauðsynlegt að breyta því á einhvern hátt? Jafnframt þarf að leita að nýjum áherslusviðum og skilgreina verkefni sem stuðla að því að markmiðið náist.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þessari endurskoðun og greint frá þeim verkefnum, sem starfshópurinn hefur skilgreint. Þessi hluti stefnumótunarvinnunnar er sá mikilvægasti, því að öflun gagna um fortíð og nútíð getur ein og sér engin áhrif haft á þróun mála í framtíðinni.

9.1 Endurskoðun stefnu

Ákveðið var að aðalmarkmið verkefnisins stæði óbreytt áfram, en bætti var við undirmarkmiðinu, "að efla samstarf hagsmunaaðila". Á mynd 9.1 eru skráð markmið og leiðir eftir endurskoðun.


Hópurinn ákvað að bæta við leikreglurnar og og eru þær sem hér segir:

1. Miðað verði við að starfsemi Ferðamálasamtaka Vestfjarða verði eflað, þannig að þau hafi burði til að vinna að frekari uppbyggingu í ferðaþjónustu í fjórðungnum.
2. Starfið verði unnið í sem nánustu samráði við hagsmunaaðila, þ.e. fyrirtæki í ferðaþjónustu, sveitarfélög og áhugafólk.
3. Uppbygging miði fyrst og síðast við efnahag greinarinnar.
4. Að Vestfirðir verði eitt ferðamannasvæði.
5. Samstarf verði um markaðssetningu við Vesturland.
6. Unnið verði í samræmi við opinbera stefnu í ferðamálum á hverjum tíma og niðurstöður miðist við að þær valdi sem minnstri röskun á náttúru og samfélagi svæðisins.

Starfshópurinn leggur áherslu á að ferðamenn fái sem besta þjónustu á Vestfjörðum, samanborið við aðra landshluta. Mikilvægt er að Vestfirðir verði skoðaðir sem eitt þjónustu- og ferðamannasvæði, því þar liggja stærstu möguleikar fjórðungsins. Með samvinnu allra verður auðveldara að taka á móti fleiri ferðamönnum og fyrir vikið sjái þeir fleiri staði og njóta betur.

Í vinnu sinni gerir hópurinn ráð fyrir að ráðinn verði ferðamálafulltrúi fyrir svæðið sem fylgi m.a. eftir þeirri vinnu sem unnin hefur verið í þessu stefnumótunarverkefni. Fulltrúinn verði starfsmaður Ferðamálasamtaka Vestfjarða og vinni í samstarfi við atvinnuráðgjafa svæðisins. Af þeim fjölda verkefna sem ferðamálafulltrúanum er ætlað að vinna má sjá að mjög brýnt er að styrkja fjárhag samtakanna þannig að ráðning verði möguleg.

Mynd 9.1 - Markmið og leiðir fyrir næstu 3 - 5 ár



Anersluatriði eru skáletruð.

9.2 Vöru- og markaðslíkan til ársins 1997

Starfshópurinn endurskoðaði vöru- og markaðslíkanið og er niðurstaðan sýnd á mynd 9.2. Líkanið sýnir þá hópá ferðamanna sem verða að mati hópsins undirstaða ferðapjónustunnar á Vestfjörðum næstu ár.

Skoðun hópsins er að auka þurfi ferðamannastrauminn til Vestfjarða. Hann telur vænlegt að treysta á svipaðan markað og fyrir er (Sjá þó umfjöllun um nýsköpun hér að aftan).

Mynd 9.2. Vöru- og markaðslíkan til ársins 1997

| | | Markaður | | | |
|------|-------------------------|----------------|-------------------|----------------|-------------------|
| | | Íslendingar | | Útlendingar | |
| | | Fri/heimsóknir | Viðskipti/atvinna | Fri/heimsóknir | Viðskipti/atvinna |
| Vara | Rætur | | | | |
| | Saga | | | | |
| | Náttúra | * | | ** | |
| | Útivist | * | | ** | |
| | Þjónusta við atvinnulíf | | | | |
| | Ráðstefnu-aðstaða | | ** | | |
| | Íþrótt-aðstaða | ** | | | |

* Stærsti hópurinn ** Vinna að aukningu

9.3 Nýir markhópar

Starfshópurinn taldi rétt að við nýsköpun í ferðaþjónustu og væri lögð áhersla á eftirfarandi markaði:

1. Fjölskyldufólk, íslendinga á einkabílum.
2. Litla hópa, 20-30 manna, t.d. vinnustaðahópa, hópferðir eldra fólks. Einnig erlenda og innlenda hópa á vegum ferðaskrifstofa.
3. Skipulagðar ferðir með áætlunarbílum um fjórðunginn.
4. Funda og ráðstefnuhópa.
5. Jeppaeigendur, ákjósanlegt svæði til vetrarferða.
6. Sérstaka hópa, t.d. sumarbústaðafólk, skipulagðar íþróttiferðir, s.s. ævintýraferðir fyrir jeppaeigendur, vélsleða- og fjallaferðir.

9.4 Áherslusvið

Starfshópurinn taldi brýnast að vinna að eftirfarandi áherslusviðum á næstu árum og raðaði þeim upp í forgangs röð, en erfitt var að gera upp á milli þeirra.

1. Markaðssetning Vestfjarða.
2. Fræðslunámskeið verði haldin fyrir starfsfólk í ferðapjónustu.
3. Minjagripagerð, samræma ímynd og koma á samvinnu meðal þeirra sem hana stunda.
4. Tjaldstæði, gera 5-6 tjaldstæði á Vestfjörðum sem eftirsóknarverðust fyrir fjölskyldur.
5. Samræa almenningsamgöngur.
6. Merkingar, bæta þær verulega, s.s. gönguleiðir, þjónustu, og sögustaði.
7. Auka samstarf hagsmunaaðila / sveitastjórna.
8. Bæta upplýsingar um þjónustu, opnunartíma ofl.
9. Bæta þjónustu, t.d. hafa sveigjanlegri opnunartíma þjónustufyrirtækja.
10. Bæta umgengni og vinna að umhverfisvernd.
11. Auka gistirými og fjölbreytni þess.
12. Auka afþreyingu.
13. Hornstrandir.
14. Lengja ferðamannatímamann.

9.5 Verkefni

Eftirfarandi verkefni voru skilgreind samkvæmt framangreindri stefnu og áherslusviðum.

1. Ferðamálafulltrúi
2. Markaðssetning Vestfjarða
3. Fræðslunámskeið
4. Minjagripagerð
5. Tjaldstæði
6. Samræming almenningsamganga
7. Merkingar
8. Aukið samstarf hagsmunaaðila og sveitastjórna
9. Bættar upplýsingar um þjónustu
10. Sveigjanlegri opnunartíma þjónustufyrirtækja
11. Umgengni og umhverfisvernd
12. Fjölbreyttara og meira gistirými
13. Aukin afþreying
14. Hvetja Vestfirðinga til að ferðast um fjórðunginn
15. Lenging ferðamannatímans

10. Framkvæmdaáætlanir

- 10.1 Ferðamálafultrúi
- 10.2 Markaðssetning Vestfjarða
- 10.3 Fræðslunámskeið fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu
- 10.4 Minjagripagerð
- 10.5 Tjaldstæði
- 10.6 Samræming almenningsgangna
- 10.7 Merkingar
- 10.8 Aukið samstarf hagsmunaaðila og sveitarstjórna í ferðaþjónustu
- 10.9 Bættar upplýsingar um þjónustu
- 10.10 Sveigjanlegur opnunartími þjónustuaðila og fyrirtækja
- 10.11 Umgengni og umhverfisvernd
- 10.12 Fjölbreyttara og meira gistirými
- 10.13 Aukin afþreying
- 10.14 Aukin ferðalög Vestfirðinga um fjórðunginn
- 10.15 Lenging ferðamannatímans á Vestfjörðum

10.1 Ferðamálafulltrúi

Núverandi staða:

Ferðamálafulltrúi hefur ekki starfað á Vestfjörðum ef frá eru talin tvö sumur.

Markmið:

Að vinna að áframhaldandi uppbyggingu ferðaþjónustu á Vestfjörðum í framhaldi af vinnu starfshóps um stefnumótun í ferðaþjónustu.

Nausynlegur árangur:

Ráðinn verði í minnst 4 ár til að vinna að framsettum markmiðum.

Æskilegur árangur:

Að tryggð verði staða ferðamálafulltrúa til áframhaldandi starfs næstu 5 til 10 árin.

Mælikvarði á árangur:

Að ferðamálafulltrúi verði í starfi á Vestfjörðum.

Verk- og tímaáætlun:

1. áfangi - Unnið í apríl 1992.

Starfshópurinn felur nefnd þriggja manna að móta nákvæmar tillögur um starf ferðamálafulltrúa, kostnað, fjármögnun og yfirstjórn, fyrir Fjórðungsping 8.-9. maí 1992. Leitað verði til Péturs Bjarnasonar, Bjarna P Magnússonar og Stefáns Gíslasonar um setu í nefndinni. Stefán kalli hópinn saman.

2. áfangi Ákvarðast af niðurstöðu fjórðungspings.

Frumkvæði: Ferðamálasamtök Vestfjarða.

Framkvæmd: Fjórðungssamband Vestfirðinga.

10.2 Markaðssetning Vestfjarða

Núverandi staða:

Til er heildarbæklingur um Vestfirði og nokkrir svæðisbæklingar. Auk þess eru til upplýsingabæklingar á vegum samtaka eins og Ferðapjónustu bænda, upplýsingakort um Ísafjörð og Bolungarvík, Tálknafjörð o.fl. Kynningin er ómarkviss og handahófskennd og kraftarnir dreifðir. Ekki er nægilega unnið að því að styrkja ímynd Vestfjarða. Önnur markaðssetning en bæklingaútgáfa, er í molum.

Markmið:

Að skapa sterka og aðlaðandi ímynd Vestfjarða sem ferðamannasvæðis.
Að útbúa efni og miðla því á árangursríkan hátt til þeirra markhópa sem ætlunin er að ná til.

Nauðsynlegur árangur:

Aðgengilegar, góðar og samræmdar upplýsingar um svæðið.

Æskilegur árangur:

Að fleiri ferðamenn komi til Vestfjarða. Að þeir skili sem mestum tekjum til svæðisins og að umgengni þeirra valdi sem minnsti röskun á umhverfinu.

Mælikvarði á árangur:

Fleiri ferðamenn og aukinn áhugi ferðasöluaðila á fjórðungnum.

Verk- og tímaáætlun:

1. áfangi - Unnið, maí 1992 - feb 1993.

Samræmdar upplýsingar sem fyrir eru.

2. áfangi - Unnið, maí 1992 - feb 1993.

Gerð verði ítarleg áætlun um hvernig staðið yrði að kynningarátaki, og á hvað yrði lögð áhersla, hvaða markhópa ætti að ná til. Gerð verður kostnaðaráætlun fyrir verkefnið.

3. áfangi - Unnið fyrir ferðamannatímabilið 1993.

Verkefnið verði kynnt fyrir hagsmunaaðilum og stofnaður kynningarsjóður með þátttöku sömu aðila.

4. áfangi - Unnið samhliða 3. áfanga.

Leitað verði til eins eða fleiri verktaka sem taki að sér frekari undirbúning og framkvæmd einstakra þátta kynningarátaksins, s.s.útgáfu á efni, birtingu o.fl.

5. áfangi - Unnið áfram til aldamóta.

Verkefninu verði fylgt eftir og það verði í stöðugri endurskoðun.

Frumkvæði: Ferðamálasamtök Vestfjarða.

Framkvæmd: Ferðamálafulltrúi / atvinnuráðgjafi verði verkefnisstjóri í samráði við Ferðamálasamtök og sveitarstjórnarmenn.

10.3 Fræðslunámskeið fyrir starfsfólk í ferðapjónustu

Núverandi staða:

Almenn námskeið fyrir fólk í ferðapjónustu hafa ekki verið haldin á Vestfjörðum. Niðurstöður úr könnunum síðasta sumars benda til þess að þörf sé á þeim. Hér er m.a. átt við námskeið fyrir almennt starfsfólk um þjónustustarfið, námskeið í stofnun og rekstri fyrirtækja í ferðapjónustu og leiðsögunám fyrir heimamenn.

Markmið:

Að auka hæfni starfsfólks í ferðapjónustu og auðvelda því að sinna þörfum ferðamanna.

Nauðsynlegur árangur:

Að fyrsta námskeiðið í þjónustu verði haldið fyrir næsta ferðamannatímabil og rekstrar- og leiðsögumannanámskeið fyrir sumarið 1993.

Æskilegur árangur:

Að stöðugt verði boðið upp á fjölbreytt námskeið fyrir starfsfólk í ferðapjónustu á Vestfjörðum.

Mælikvarði á árangur:

Fjöldi námskeiða.

Tíma- og verkáætlun:

1. áfangi - Unnið vorið 1992.

Þjónustunámskeið fyrir starfsfólk í ferðapjónustu á Vestfjörðum.

| | |
|-------------------------|---|
| Undirbúningur, | í mars |
| Skipulagning námskeiða, | í mars |
| Kostnaðaráætlun, | í mars |
| Tími, | í apríl - júní |
| Umsjón, | Farskóli Vestfj. / Ferðamálasamtök Vestfjarða |
| Ábyrgð, | Áslaug Alfreðsd. og Guðmundur Einarss. |

2. áfangi - Unnið 1992 -1993.

Námskeið í leiðsögn og rekstri lítilla fyrirtækja

| | |
|-------------------------|---|
| Undirbúningur, | haust 1992 |
| Skipulagning námskeiða, | haust 1992 |
| Kostnaðaráætlun, | haust 1992 |
| Tími, | haust 1992 - vor 1993 |
| Umsjón, | Farskóli Vestfj. / Ferðamálasamtök Vestfjarða |
| Ábyrgð, | Áslaug Alfreðsd. og Guðmundur Einarss. |

Frumkvæði: Ferðamálasamtök Vestfjarða.

Framkvæmd: Ferðamálasamtök Vestfjarða og Farskóli Vestfjarða.

10.4 Minjagripagerð

Núverandi staða:

Fáir framleiða minjagripa sem söluvöru á Vestfjörðum. Samstarf framleiðenda er ekki fyrir hendi og skortur er á sameiginlegri ímynd vestfirskra minjagripa. Hugtakið "minjagripur" er á reiki og er oftast of þröngt túlkað. Ýmiss konar matvara frá Vestfjörðum getur sem best verið minjagripur en það hefur hún ekki verið talin hingað til.

Markmið:

Að samræma ímynd vestfirskra minjagripa þar sem sérkenni svæðisins verði í öndvegi. Að efla samstarf þeirra sem vinna við eða hafa áhuga á framleiðslu og sölu minjagripa. Að koma á framfæri víðari skilgreiningu á hugtakinu "minjagripur", t.d. að harðfiskur eða hákarl sé minjagripur.

Nauðsynlegur árangur:

Að vestfirskir minjagripir verði samkeppnisfærir við aðra minjagripa. Komið verði upp aðstöðu til framleiðslu og sölu minjagripa. Vestfirskir minjagripir verði seldir undir einu vörumerki.

Æskilegur árangur:

Að innan árs verði þeim minjagripum sem til eru, komið á framfæri með markvissu samstarfi.

Mælikvarði á árangur:

Aukin sala minjagripa, samræmd ímynd og aukin arðsemi.

Verk- og tímaáætlun:

1. áfangi - Stefnt skal að því að ljúka áfanganum haustið 1992.

Að ná saman og efla samstarf þeirra sem að minjagripagerð standa. Áhugamenn, minjagripaframleiðendur og Ferðamálasamtök Vestfjarða standi saman um verkefnið og leiti eftir samstarfi við atvinnuráðgjafa á svæðinu.

2. áfangi - Unnið 1992 - 1993, lokið nóvember 1993

Samræmd verði ímynd vestfirskra minjagripa, varðandi hönnun, útlit og markaðssetningu.

Frumkvæði og framkvæmd: Vilborg Guðnadóttir, Finnbogi Rútur Jóhannesson og Áslaug Alfreðsdóttir

10.5 Tjaldstæði

Núverandi staða:

Á flestum þéttbýlisstöðum eru viðunandi tjaldstæði, en með lágmarks snyrtiaðstöðu og margt þarf að bæta svo þau verði aðlaðandi.

Markmið:

Að koma upp a.m.k. fjórum til fimm mjög góðum tjaldstæðum á Vestfjörðum og halda áfram uppbyggingu fleiri tjaldstæða víðsvegar um Vestfirði.

Nauðsynlegur árangur:

Að ferðamönnum sem vilja gista í tjöldum þyki Vestfirðir fýsilegur kostur til ferðalaga.

Æskilegur árangur:

Vestfirðir hafi þá ímynd að vera eitt eftirsóttasta svæði landsins fyrir þá sem vilja njóta útivistar og fagurrar náttúru og telja tjaldgistingu hluta af því ævintýri.

Mælikvarði á árangur:

Aukinn fjöldi ferðamanna sem gista í tjöldum.

Skýr svör um ánægju þessara ferðamanna um tjaldaðstöðuna.

Verk og tímaáætlun:

1. áfangi - Unnið 1992 - 1993

Ferðamálasamtök Vestfjarða, sveitarfélög og aðrir sem áhuga hafa á gerð tjaldstæða hafi samráð um skipulag og fyrirkomulag þeirra á Vestfjarðasvæðinu. Hugmyndir starfshópsins eru að 4 - 5 mjög góð tjaldstæði verði byggð upp með það í huga að á milli þeirra verði hæfileg dagleið.

Þessi tjaldstæði verði t.d. á eftirtöldum stöðum: Reykhólum, Vatnsfirði, Tálknafirði, Ísafirði og Hólmavík.

Mjög gott tjaldstæði er samkvæmt hugmyndum starfshóps:

- | | |
|--|-------------------------------|
| 1. Greinilega merkt. | 5. Með aðstöðu fyrir húsbíla. |
| 2. Með heitu og köldu vatni. | 6. Með baðaðstöðu. |
| 3. Með salerni. | 7. Með útigrilli. |
| 4. Með þvottavél, þurrkara og þurrkaðst. | 8. Aðlaðandi leiksvæði. |

2. áfangi - Unnið 1993 - 1998.

Uppbygging í samræmi við niðurstöðu 1. áfanga.

Frumkvæði: Ferðamálasamtök Vestfjarða.

Framkvæmd: Ferðamálafulltrúi fylgi þessu eftir, en eiginlegir framkvæmdaaðilar eru sveitarfélögin eða aðrir þeir sem koma til með að eiga og reka tjaldstæðin.

10.6 Samræming almenningsgangna

Núverandi staða:

Flugsamgöngur til flestra áætlunarstaða á Vestfjörðum eru í góðu lagi. Samgöngur landleiðina eru í þokkalegu lagi á Ströndum og í Austur - Barðastrandarsýslu, ferjuflutningar eru um Breiðafjörð og Ísafjarðardjúp yfir sumarmánuðina. Almenningsamgöngur innan Vestfjarða eru stopular. Sérstaklega vantar tengingu milli Stranda og Ísafjarðardjúps.

Markmið:

Að ferðamenn geti ferðast auðveldlega hringinn um Vestfirði með almenningsfarartækjum. Að almenningsamgöngur á Vestfjörðum tengist samgöngum við aðra landshluta, þannig að ferðir til og frá Vestfjörðum verði ferðamönnum auðveldar.

Nauðsynlegur árangur:

Að ferðamenn geti ferðast hindrunarlaust til og frá Vestfjörðum og um fjórðunginn.

Æskilegur árangur:

Að ferðir almenningsfarartækja á Vestfjörðum verði tíðar og tímaáætlanir þeirra taki mið af þörfum ferðamanna.

Mælikvarði á árangur:

Fáar kvartanir um almenningsamgöngur á Vestfjörðum.

Verk- og tímaáætlun

1. áfangi - Unnið fyrir 1. nóv. 1992.

Ferðamálasamtök Vestfjarða, ferðamálafulltrúi og sveitarfélög geri könnun á helstu brotalömum í almenningsamgöngum innan Vestfjarða. Könnuninni verði lokið 1. sept. 1992. Á grundvelli niðurstaðna verði tillögur til úrbóta lagðar fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga, samgönguráðuneytið, skipulagsnefnd fólksflutninga og sérleyfishafa.

Frumkvæði: Ferðamálasamtök Vestfjarða.
Framkvæmd: Ferðamálasamtökin og Fjórðungssambandið.

10.7 Merkingar

Núverandi staða:

Allar merkingar, hvort heldur eru þjóðvegamerkingar eða merkingar á fyrirtækjum, eru litlar eða engar. Engar merktar gönguleiðir eru á Vestfjörðum utan Hornstranda.

Markmið:

Að fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög og aðrir setji upp skýrar og greinilegar merkingar. Þetta á við um áhugaverða staði, örnefni, vegvísa, gönguleiðir, götunöfn, húsnúmer, bæjarnöfn, sýslu- og hreppamörk.

Nauðsynlegur árangur:

Að auðvelt sé að lesa saman landakort og vegamerkingar. Að með góðu móti sé hægt að ganga að þeirri þjónustu sem í boði er.

Æskilegur árangur:

Merkingar á Vestfjörðum verði til fyrirmyndar.

Mælikvarði á árangur:

Færri kvartanir yfir slæmum merkingum og upplýsingaskorti.

Verk- og tímaáætlun:

1. áfangi - Unnið 1992.

Vegagerð ríkisins setji upp þjónustuskilti og nauðsynlegar vegamerkingar á Vestfjörðum sumarið 1992 (Er í undirbúningi hjá Vegagerð ríkisins).

2. áfangi - Unnið 1992, fyrir sumarið 1993.

Fyrirtæki og stofnanir merki starfsemi sína og tiltaki m.a. opnunartíma.

3. áfangi - Unnið 1992 - 1994

Merktar verði gönguleiðir út frá þéttbýlisstöðum.

Frumkvæði: Ferðamálasamtök Vestfjarða
Framkvæmd: Ferðamálafulltrúi, Vegagerð ríkisins, fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög, landeigendur, félagasamtök og áhugahópar.

10.8 Aukið samstarf hagsmunaaðila og sveitastjórna í ferðapjónustu

Núverandi staða:

Samstarf er lítið innan greinarinnar. Á þetta bæði við um fyrirtæki í ferðapjónustu og sveitastjórnir. Þörf er á nánara samstarfi einkum í ljósi þess að Vestfirðir eru og verða í hugum ferðamanna eitt ferðamannasvæði.

Markmið:

Að auka samstarf í ferðapjónustu á Vestfjörðum. Hér er átt við samstarf fyrirtækja og sveitafélaga á Vestfjörðum, samstarf við Ferðamálaráð Íslands, Ferðamálasamtök Vesturlands og aðra opinberra aðila.

Nauðsynlegur árangur:

Sveitarstjórnir og hagsmunaaðilar stofni ferðamálafélög innan hvers svæðis eða sveitafélags til að efla ferðapjónustuna og taka virkan þátt í starfi Ferðamálasamtaka Vestfjarða.

Æskilegur árangur:

Árangursríkt samstarf allra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta í ferðapjónustu á Vestfjörðum.

Mælikvarði á árangur:

Stofnun ferðamálafélaga.

Verk- og tímaáætlun:

1. áfangi - Unnið fyrir árslok 1992.

Kynna hugmynd að stofnun ferðamálafélaga fyrir hagsmunaaðilum og sveitarstjórnnum á svæðinu.

2. áfangi - Unnið fyrir sumarið 1993.

Komia á betri tengslum við einstök svæði og sveitarfélög og stofnuð ferðamálafélög.

Frumkvæði: Ferðamálasamtök Vestfjarða.

Framkvæmd: Ferðamálafulltrúi / atvinnuráðgjafi í samvinnu við heimamenn.

10.9 Bættar upplýsingar um þjónustu

Núverandi staða:

Upplýsingar um þjónustu eru bágbornar á flestum stöðum. Heimamenn gera ráð fyrir að ferðamenn hafi sömu vitneskju og þeir, um þá þjónustu sem í boði er.

Markmið:

Að ferðamenn eigi greiðari aðgang að upplýsingum um þjónustu og geti auðveldlega nýtt hana.

Nauðsynlegur árangur:

Að fyrir hendi verði handhægar og áreiðanlegar upplýsingar um þjónustu á hverjum stað eða svæði og skýrar merkingar verði á öllum þjónustustöðum.

Æskilegur árangur:

Að á hverju svæði sé upplýsingamiðstöð með upplýsingarit og efni í faglega unnu og aðlaðandi formi fyrir innlenda jafnt sem erlenda ferðamenn.

Mælikvarði á árangur:

Ánægðir ferðamenn, færri kvartanir.

Verk- og tímaáætlun:

1. áfangi - Unnið fyrir árslok 1992.

Gerðar verði leiðbeiningar hvernig best verði staðið að bættri upplýsingamiðlun. Sveitastjórnnum og þjónustuaðilum verði kynntar leiðbeiningarnar með hvatningu og áminningu um að koma upplýsingum um þjónustu í betra horf.

2. áfangi - Unnið fyrir ferðamannatímabilið 1993.

Búið verði til handhægt rit með upplýsingum um Vestfirði og þjónustu á einstökum svæðum.

3. áfangi - Unnið 1992 - 1994

Á hverju svæði verði starfrækt upplýsingamiðstöð t.d. í samvinnu við söluskála eða gististaði.

Frumkvæði: Ferðamálasamtök Vestfjarða.

Framkvæmd: Ferðamálafulltrúi annist gerð leiðbeininga í samráði við Ferðaskrifstofu Vestfjarða og sveitarfélög.

Gerð upplýsingaefnis verði í höndum sveitarfélaga og / eða ferðaþjónustuaðila á hverjum stað. Miklivægt er að hagsmunaaðilar þar með sveitarstjórnarmenn hafi sem mest og best samráð sín á milli um þessi mál.

10.10 Sveigjanlegur opnunartími þjónustuaðila og fyrirtækja

Núverandi staða:

Opnunartími er ekki sniðinn að þörfum ferðamanna. Þetta á við um banka, pósthús og verslanir.

Markmið:

Að aðlaga opnunartíma þjónustufyrirtækja að þörfum ferðamanna.

Nauðsynlegur árangur:

Þjónustufyrirtæki á Vestfjörðum kynni starfsemi sína og opnunartíma.

Æskilegur árangur:

Að opnunartími þjónustufyrirtækja samræmist þörfum ferðamanna á Vestfjörðum.

Mælikvarði á árangur:

Sveigjanlegri opnunartími.

Verk- og tímaáætlun

1. áfangi - Unnið 1992.

Ferðamálasamtök Vestfjarða kynni þjónustufyrirtækjum niðurstöður úr könnun sem gerð var sumarið 1991 varðandi opnunartíma. Þjónustufyrirtækjum verði kynnt mikilvægi þess að koma á mótis við þarfir ferðamanna.

2. áfangi - Unnið 1992 - 1994.

Reka þarf áfram áróður fyrir sveigjanlegri opnunartíma þjónustufyrirtækja, t.d. má kynna þau fyrirtæki sem hafa aðlagað opnunartíma sinn að þörfum ferðamanna. Skrif í héraðsblöð um þessi mál eru lykilatriði.

Frumkvæði: Ferðamálasamtök Vestfjarða.

Framkvæmd: Stjórnarmaður í Ferðamálasamtökunum, blaðamaður hjá fréttablaði eða ferðamálafulltrúi.

10.11 Umgengni og umhverfisvernd

Núverandi staða:

Vestfirðingar ganga ekki nógu vel um umhverfi sitt. Aðstaða fyrir ferðamenn til losunar sorps er á flestum stöðum ófullnægjandi

Markmið:

Að hreint og fagurt umhverfi á Vestfjörðum og óspillt náttúra verði öðrum til fyrirmyndar. Nálgun markmiðsins verði með eftirfarandi hætti:

1. Haldið verði upp stöðugri hvatningu um góða umgengni.
2. Komið verði upp fullkomnum og umhverfsvænum sorpeyðingarstöðvum.
3. Möguleikar til sorplósunar verði á fleiri stöðum.
4. Fólk hvatt til að safna ekki sorpi eða úrrgangshaugum við heimili sín.
5. Hvatt verði til nýtingar á lífrænum úrgangi.

Nauðsynlegur árangur:

Að unnið verði að fegrun umhverfis, tiltekt og hreinsun sem víðast á Vestfjörðum, t.d. með sérstökum hreinsunardögum.

Æskilegur árangur:

Litið verði á Vestfirði sem fyrirmynd annarra landshluta í skipulagðri umhverfisvernd og svæðið hafi þá ímynd að hafa óspillta og upprunalega náttúru.

Mælikvarði á árangur:

Engir bílakirkjugarðar, sorphaugar á sveitabæjum eða í nágrenni fyrirtækja. Almenn ánægja aðkomumanna með hreint og fagurt umhverfi.

Verk- og tímaáætlun:

1. áfangi - Unnið 1992.

Sveitastjórnnum og öðrum þeim er málið varðar verði sent bréf í nafni Ferðamálasamtaka Vestfjarða, þar sem bent verði á þessi miklvægu atriði ferðapjónustunnar. Hvatt verði til sérstaks hreinsunardags á hverju ári.

2. áfangi - Unnið 1992 - 1997.

Unnið verði að því að koma umhverfismálum í gott horf í hverju sveitarfélagi.

Heilbrigðisfulltrúi Vestfjarða (Hollustuvernd) fylgi því eftir að sveitarfélög framkvæmi sorphreinsun og ytri umhverfisvernd í samræmi við lög. Vinnueftirlit ríkisins fylgi eftir innri umhverfisvernd fyrirtækja, þ.m.t. sveitabýla. Sveitastjórnir og heilbrigðisnefndir hafi frumkvæði í hverju sveitafélagi. Síðan sér að sjálfsögðu hver um að hreinsa og rækta garðinn sinn.

Frumkvæði: Ferðamálasamtök Vestfjarða.

Framkvæmd: Sveitarstjórnir, heilbrigðisfulltrúi, þjónustufyrirtæki, ferðamálafélög, einstaklingar og ferðamálafulltrúi.

10.12 Fjölbreyttara og meira gistirými.

Núverandi staða:

Gistirými er fábreytt og lítið í fjórðungnum (að Ísafirði frátöldum). Móttaka hópa er víða erfið. Samstarf þeirra sem bjóða gistingu er of lítið.

Markmið:

Að auka framboð og fjölbreytni í gistirými. Að efla samstarf hagsmunaaðila.

Nauðsynlegur árangur:

Að til staðar verði fjölbreytt og gott gistirými fyrir einstaklinga og hópa sem víðast á Vestfjörðum. Upplýsingar um þessa þjónustu séu aðgengilegar.

Góð heilsárgisting þarf að vera til staðar fyrir fólk í viðskiptaerindum á öllum helstu þéttbýlisstöðum fjórðungsins. Nauðsynlegt er að bæta og auka aðstöðu til móttöku stærri hópa á ferðamannatímanum, a.m.k. á suðursvæðinu og á Hólmavík. Tryggja þarf að héraðsskólarnir að Núpi og á Reykjanesi verði nýttir fyrir ferðaþjónustu.

Æskilegur árangur:

Að hafin verði skipuleg uppbygging á gistirými á Vestfjörðum, skv. sérstakri áætlun. Komið verði á skipulegu samstarfi þeirra sem reka gististaði á Vestfjörðum.

Mælikvarði á árangur:

Fjölgun gistinátta, skortur á gistirými hindri ekki skipulagningu ferða um Vestfirði.

Verk- og tímaáætlun:

1. áfangi - Unnið 1992 - 1993.

Skipaður verði starfshópur á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga og Ferðamálasamtaka Vestfjarða, sem geri áætlun um uppbyggingu og fjármögnun á gistirými á Vestfjörðum.

Frumkvæði: Ferðamálasamtök Vestfjarða.

Framkvæmd: Ferðamálasamtök Vestfjarða og Fjórðungssamband Vestfirðinga.

10.13 Aukin afþreying

Núverandi staða:

Í niðurstöðum kannananna meðal ferðamanna sumarið 1991 kom ekki fram að þörf væri á aukinni afþreyingu. Hópurinn telur að það sé vegna þess að þeir ferðamenn sem sækja Vestfirði heim í dag geri litlar kröfur um skemmtun og afþreyingu. Þegar ferðamönnum fjölgar á Vestfjörðum mun eftirspurn eftir afþreyingu vafalaust aukast og e.t.v. koma færri í dag vegna þess hve þjónustan er fábreytt.

Markmið:

Að boðið verði upp á aukna og fjölbreytta afþreyingu sem leiðir til lengri viðveru ferðamanna á hverjum stað. Einkum verði lögð áhersla á aukna afþreyingu fyrir fjölskyldur.

Nauðsynlegur árangur:

Á komandi sumri verði sú afþreying sem fyrir er kynnt skipulega.

Æskilegur árangur:

Að framboð afþreyingar laði að fleiri ferðamenn.

Mælikvarði á árangur:

Lengri dvöl og meiri meðaleyðsla ferðamanna á sólarhring.

Verk- og tímaáætlun:

1. áfangi - Unnið fyrir ferðamannatímabilið 1992.

Kynnt verði skipulega sú afþreying sem boðið er upp á í fjórðungnum.

2. áfangi - Unnið sumarið 1992.

Safnað verði saman frekari upplýsingum um óskir ferðamanna til viðbótar núverandi afþreyingu.

3. áfangi - Unnið 1992 - 1993.

Hugmyndum um nýja möguleika verði komið á framfæri við hagsmunaaðila og sveitarstjórnir. Unnið verði að skipulagningu árvissra viðburða, s.s. seglbrettamóta, siglingamóta, hjólaralls, skíðaviku, o.sfv.

Frumkvæði: Ferðamálasamtök Vestfjarða - ferðamálafulltrúi.

Framkvæmd: Einstaklingar og félög sem hyggjast koma þjónustunni á fót.

10.14 Aukin ferðalög Vestfirðinga um fjórðunginn

Núverandi staða:

Margir Vestfirðingar líta ekki til Vestfjarða þegar þeir velta fyrir sér ferðamöguleikum í frí eða tómstundum.

Markmið:

Að fleiri Vestfirðingar nýti sér þá kosti sem í boði eru í ferðaþjónustu á Vestfjörðum.

Nauðsynlegur árangur:

Hlutfall Vestfirðinga í hópi ferðamanna á Vestfjörðum verði það verulegt að það styrki afkomumöguleika ferðaþjónustu á Vestfjörðum.

Æskilegur árangur:

Að Vestfirðingar þekki landshlutann sinn betur. Vestfirðingar kunni að meta það að eyða frítíma sínum í fögru og friðsælu umhverfi Vestfjarða.

Mælikvarði á árangur:

Fleiri Vestfirðingar ferðist um fjórðunginn og líti á sig sem ferðamenn.

Verk- og tímaáætlun:

1. áfangi - Unnið 1992 - 1993.

Unnin verði kynning um Vestfirði fyrir Vestfirðinga. Gera þarf kynningaráætlun, en kynningin færi fram í fréttabréfi, fjórðungsblöðum og öðrum fjölmiðlum, auk ritgerðarsamkeppni í skólum. Kynningaráætlun verði tilbúin í ársbyrjun 1993.

2. áfangi - Unnið 1993 - 1995.

Unnið verður samkvæmt kynningaráætlun.

Ath: Um þetta verkefni vísast að öðru leyti á verkefnið um markaðssetningu.

Frumkvæði: Ferðamálasamtök Vestfjarða

Framkvæmd: Ferðaþjónustuaðilar á Vestfjörðum, ferðamálafulltrúi eða atvinnuráðgjafi.

10.15 Lenging ferðamannatímans á Vestfjörðum

Núverandi staða:

Ferðamannatíminn á Vestfjörðum er með þeim styttri ef landið er skoðað í heild og ferðamenn tiltölulega fáir. Undantekningar eru Ísafjörður og Flatey. Nýting fjárfestingar ferðamanna í ferðaþjónustu er því lítil. Nauðsynlegt er að huga að lengingu tímans og einnig betri nýtingu allt árið um kring. Erfitt er að taka á móti ferðamönnum á veturna vegna skipulagsleysis og vegna þess að fólk undirbýr sig ekki fyrir vetrarumferð ferðamanna.

Markmið:

Að bæta nýtingu fjármagns í ferðaþjónustu og auka arðsemi. Að lengja ferðamannatímabilið. Auk fjölbreytni í ferðum utan háannatímans.

Nauðsynlegur árangur:

Að á árinu 1993 verði í boði vorferð og haustferð fyrir hópa. Stuðlað verði að betri nýtingu yfir vetrartímamann, t.d. með sérstökum tilboðum.

Æskilegur árangur:

Að árið 1995 megi merkja greinilega lengingu ferðamannatímans á Vestfjörðum og aukið úrval ferða.

Verk- og tímaáætlun:

1. áfangi - Unnið 1992.

Ferðamálasamtök Vestfjarða beiti sér fyrir samvinnu Ferðaskrifstofu Vestfjarða og ferðaþjónustufyrirtækja um að bjóða hópferð um Vestfirði á jaðartímabilum.

2. áfangi - Unnið 1993.

Sömu aðilar beiti sér fyrir frekari lengingu ferðamannatímabilsins.

Frumkvæði: Ferðamálasamtök Vestfjarða.

Framkvæmd: Ferðamálafulltrúi, Ferðamálasamtök Vestfjarða og fyrirtæki í ferðaþjónustu, Ferðaskrifstofa Vestfjarða.

11. Ályktanir um einstök mál

11.1 - Ályktun um málefni Hornstranda.

Starfshópur um stefnumótun í ferðaþjónustu á Vestfjörðum leggur áherslu á að mótuð verði heildarstefna í málefnum Hornstrandafriðlandsins. Markmið stefnumörkunarinnar verði að gera ferðamönnum kleift að njóta Hornstranda án þess að náttúra þess spillist. Þessi vinna verði unnin í samvinnu landeigenda, náttúruverndarráðs, ferðaþjónustuaðila og viðkomandi sveitarfélags.

11.2 - Ályktun um samgöngumál á Vestfjörðum.

Starfshópur um stefnumótun í ferðaþjónustu á Vestfjörðum telur brýnt að öll samgöngumál á Vestfjörðum verði tekin til gagngerðrar endurskoðunar, þar sem tekið verði tillit til þarfa nútíma atvinnuhátta og ferðaþjónustu. Hópurinn fagnar jarðgangagerð sem nú er hafin og bendir á stórkostlega möguleika jarðganga víðar á Vestfjörðum til samgöngubóta.

12. Viðauki

Einkunnir fyrir þjónustu, fengnar úr könnun meðal hagsmunaaðila á Vestfjörðum við innri greiningu.

2. *Hvernig er að þínu mati aðstaða til móttöku ferðamanna á svæðinu, með tilliti til eftirfarandi gisnumáta?*

| | Bolv. | T.fj. | Fl.ey | B.lund | L.hóll | K.á. | Allir |
|-----------------------|-------|-------|-------|--------|--------|------|-------|
| Tjaldstæði | 6.5 | 6.8 | 5.3 | 4.0 | 4.5 | 4.1 | 5.4 |
| Svefnpokapláss | 5.1 | 5.9 | 5.8 | 6.0 | 4.0 | 7.9 | 5.7 |
| Heimaginging | 3.2 | 4.1 | 6.2 | 4.3 | 6.6 | 7.55 | 5.1 |
| Sumarhús | 3.6 | 5.4 | 7.9 | 4.3 | 4.4 | 8.5 | 5.3 |
| Á ferðaðþjónustubæjum | 4.4 | 4.7 | 8.6 | 7.2 | 7.5 | 7.5 | 6.3 |
| Hótel | 7.4 | 2.5 | 7.6 | 6.2 | 5.6 | 4.1 | 6.2 |
| Gistiheimili | 5.6 | - | 7.5 | 3.3 | 5.8 | 5.0 | 5.4 |
| Farfuglaheimili | - | 6.5 | - | - | - | - | 6.5 |

6. *Hvernig er að þínu mati sú þjónusta sem ferðamenn fá á svæðinu, varðandi eftiralda þjónustubætti?*

| | Bolv. | T.fj. | Fl.ey | B.lund | L.hóll | K.á. | Allir |
|---|-------|-------|-------|--------|--------|------|-------|
| Bankar og pósthús | 9.0 | 8.1 | 8.9 | 6.2 | 7.9 | 7.5 | 8.1 |
| Eldsneytissala | 7.6 | 7.8 | 8.0 | 4.4 | 6.1 | 6.8 | 6.9 |
| Heilbrigðisþjónusta | 8.0 | 7.9 | 7.0 | 6.2 | 6.5 | 5.3 | 7.0 |
| Vegagerð | 2.6 | 2.3 | 5.6 | 4.1 | 4.1 | - | 3.4 |
| Viðgerðaðþjónusta | 6.6 | 6.4 | 6.2 | 3.1 | 6.8 | 3.6 | 5.8 |
| Almennar upplýsingar um svæðið | - | - | 3.2 | - | 3.2 | - | 3.2 |
| Upplýsingar varðandi öryggi, afþreyingu | - | - | 2.9 | - | - | - | 2.9 |
| Leiðsögn fyrir ísl. ferðamenn | 2.9 | - | 3.1 | - | - | - | 2.7 |
| Leiðsögn fyrir erl. ferðamenn | 2.5 | - | 3.1 | - | - | - | 2.1 |

7. *Hvernig er að þínu mati veitingasölu háttað á svæðinu, er hún góð, slæm eða í lagi?*

| | Bolv. | T.fj. | Fl.ey | B.lund | L.hóll | K.á. | Allir |
|-----------------|-------|-------|-------|--------|--------|------|-------|
| Í söluskálum | 6.2 | 5.2 | 6.9 | 4.0 | 8.2 | 5.5 | 5.4 |
| Í mötuneytum | 3.4 | 5.6 | 6.7 | - | - | - | 5.0 |
| Á veitingahúsum | 8.1 | 5.5 | 8.4 | 6.9 | 7.5 | 5.8 | 7.3 |

Viðauki

10. *Hvernig er samgöngum við svæðið háttað miðað við efirfarandi ferðamáta? Eru þær fullnægjandi / ófullnægjandi?*

| | Bolv. | T.fj. | Fl.ey | B.lund | L.hóll | K.á. | Allir |
|---------|-------|-------|-------|--------|--------|------|-------|
| Um vegi | 2.5 | 4.7 | 5.0 | 6.1 | 6.3 | 3.6 | 4.1 |
| Flug | 7.6 | 6.9 | 6.1 | 4.4 | 2.5 | 4.6 | 6.2 |
| Sjóveg | 3.6 | 6.9 | 5.0 | 4.1 | - | - | 3.7 |

12. *Hver er að þínu mati staða ferðahjónustu á svæðinu í dag?*

| | Bolv. | T.fj. | Fl.ey | B.lund | L.hóll | K.á. | Allir |
|----------------------------|-------|-------|-------|--------|--------|------|-------|
| Fjárhagslega afkoma | 2.1 | 2.8 | 2.5 | 2.9 | 3.7 | 2.9 | 2.7 |
| Gæði þjónustunnar | 5.2 | 3.9 | 5.0 | 4.0 | 5.5 | 6.7 | 4.7 |
| Menntun og reynsla starfs. | 4.6 | 3.3 | 4.3 | 3.0 | 3.2 | 4.0 | 3.7 |
| Tungumálakunnátta | 5.0 | 3.9 | 4.3 | 2.9 | 2.8 | 2.8 | 3.8 |

14. *Hvernig er að þínu mati umgengni ferðamanna um svæðið?*

| | Bolv. | T.fj. | Fl.ey | B.lund | L.hóll | K.á. | Allir |
|--|-------|-------|-------|--------|--------|------|-------|
| | 5.4 | 5.7 | 6.9 | 6.2 | 6.1 | 5.7 | 6.0 |

15. *Hvernig er að þínu mati umgengni heimamanna um svæðið?*

| | Bolv. | T.fj. | Fl.ey | B.lund | L.hóll | K.á. | Allir |
|--|-------|-------|-------|--------|--------|------|-------|
| | 3.9 | 4.7 | 5.3 | 3.1 | 3.0 | 4.2 | 4.0 |

17. *Hvernig er aðstöðu háttað til samkomuhalds á svæðinu (leiksýningar, ættarmót, erfidrykkjur o.fl.)?*

| | Bolv. | T.fj. | Fl.ey | B.lund | L.hóll | K.á. | Allir |
|--|-------|-------|-------|--------|--------|------|-------|
| | 6.2 | 6.9 | 6.1 | 4.7 | 6.6 | 5.0 | 5.8 |

